



# Lífið tekur oft óvænta stefnu

Við könnum rétt þinn á bótum!



## FULLTINGI

*slysa- og skaðabótamál*

Fulltingi þér við hlið / [www.fulltingi.is](http://www.fulltingi.is)



## Hefur þú skaðast í slysi?

Þessi bæklingur er ætlaður öllum þeim sem lent hafa í slysi og vilja fræðast um rétt sinn til bóta. Tilgangurinn er að auðvelda þér að leita réttar þíns ef þú hefur á einhvern hátt hlotið skaða af slysi.

Fólk slasar sig með ýmsum hætti og réttur þess til bóta er líka mjög mismunandi eftir því hvar og hvernig slysið ber að höndum.

## Hver er réttur þinn?

Algengt er að fólk, sem lendir í slysi, átti sig ekki á rétti sínum til bóta. Meðal þeirra mála sem við tökum að okkur eru:

## Umferðarslys

Verði líkamstjón rakið til notkunar bifreiðar, er bótaréttur fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu hennar fyrir farþega og aðra sem verða fyrir slysi af völdum bifreiðarinnar. Valdi ökumaður bifreiðarinnar sjálfur óhappinu, sem hann slasast í, á hann bótarétt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda sem er lögboðin eins og ábyrgðartryggingin. Ekki þarf að sanna sök til að eiga rétt á bótum vegna umferðarslyss. Bótaréttur er einfaldlega fyrir hendi ef slys verður.

Algengt er að fólk átti sig ekki á bótarétti sínum í umferðarslysi, verði það fyrir líkamstjóni. Það er t.d. útbreiddur misskilningur að fólk í órétti eigi ekki bótarétt vegna líkamstjóns sem það verður fyrir í umferðarslysi, þetta er alrangt. Stór hluti af iðgjaldi fyrir hverja bifreið fer til tryggingar sem nefnist slysatrygging ökumanns og eiganda. Sú trygging á að gera ökumanninn jafnsettan farþegum. Bótaskyld tryggingafélag á að bæta þeim sem lenda í umferðarslysum eftirtalið:

1. Útlagðan kostnað vegna slyssins s.s. kostnað vegna heimsóknar til lækna, kostnað vegna sjúkrabifreiða, lyfjakostnað, sjúkraþjálfunarkostnað ofl. ásamt tjóni á fatnaði.
2. Tekjutap. Verði fólk óvinnufært vegna slyss á það rétt á að fá tekjutapið greitt frá tryggingafélaginu eftir að launarétti lýkur hjá vinnuveitanda, þar til stöðugleikamarki er náð.
3. Þjáningarbætur.
4. Miskabætur.
5. Bætur fyrir varanlega örorku.
6. Lögfræðikostnað að stærstum hluta.
7. Annað fjártjón.

## Dæmi:

Jón Jónsson, smiður, lendir í árekstri þar sem ekið er aftan á bifreið hans. Hann slasast á baki og hálsi. Jón er óvinnufær eftir slysið í 4 mánuði og hlýtur 10% miska (læknisfræðilega örorku) og 10% varanlega örorku. Hann á bótarétt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar sem olli tjóninu.

Skaðabæturnar eru reiknaðar út frá eftirfarandi forsendum. Jón er 36 ára og hefur 400.000 kr. í mánaðarlaun. Tryggingafélag bifreiðarinnar bætir tekjutjón í 4 mánuði, eða alls 1.600.000 kr. Varanleg örorka er reiknuð út frá meðaltali launa hans 3 almanaksár fyrir slysið sem var 4.200.000.

Launin eru margfölduð með stuðli sem miðast við aldur Jóns og er um 11,4. Því næst er margfaldað með örorkuprósentunni. Bætur fyrir varanlega örorku Jóns eru því um 4.800.000 kr. (4.200.000 x 11,4 x 10%). Hann á einnig rétt á miskabótum sem eru um 870.000 kr., auk þjáningarbóta um 180.000 kr.

Alls eru bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar því um 7.450.000 kr.

## Vinnuslys

Slysatrygging launþega er skyldutrygging sem tryggð er í kjarasamningum. Þessi trygging felur í sér bótarétt vegna vinnuslysa, hvort sem slysið verður á sjó eða landi. Þá á hinn slasaði rétt á bótum frá Sjúkratryggingum Íslands. Rétturinn til bóta úr slysatryggingu launþega og hjá Sjúkratryggingum Íslands er óháður því að einhver hafi valdið slysinu af gáleysi. Verði slysið rakið til atvika, sem vinnuveitandi ber ábyrgð á t.d. vegna vanbúnaðar eða mistaka starfsmanna hans, getur verið um skaðabætur að ræða úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda.

Mjög mikilvægt er að slysin séu tilkynnt strax, t.d. til Sjúkratrygginga Íslands, Vinnueftirlits ríkisins og tryggingafélags.

Bætur úr framangreindum tryggingum eru mismunandi en yfirleitt eru eftirfarandi bótaáhrif:

1. Dagpeningar.
2. Bætur fyrir læknisfræðilega örorku.

Ef vinnuslys er skaðabótaskyldt, eiga launþegar eftirtalinn rétt:

1. Útlagðan kostnað vegna slyssins s.s. kostnað vegna heimsóknna til lækna, kostnað vegna sjúkrahúsbifreiða, lyfjakostnað, sjúkraþjálfunarkostnað ofl. ásamt tjóni á fatnaði.



2. Tekjutap. Verði fólk óvinnufært vegna slyss á það rétt á að fá tekjutapið greitt frá tryggingafélaginu eftir að launarétti lýkur hjá vinnuveitanda, þar til stöðugleikamarki er náð.
3. Þjáningarbætur.
4. Miskabætur.
5. Bætur fyrir varanlega örorku.
6. Lögfræðikostnað að stærstum hluta.

## Vinnuslys á sjó

Verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína, eiga þeir rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins í samræmi við ákvæði siglinga- og sjómanna laga. Í flestum tilvikum eru sjómenn mjög vel tryggðir og bótaréttur til staðar án tillits til þess hvort slysið verði rakið til mistaka eða vanrækslu.

## Fritímaslys

Þeir sem lenda í slysi í frítíma eiga yfirleitt lakastan rétt og í sumum tilvikum jafnvel engan. Oft gilda þá einungis frítímaslysatryggingar sem eru í fjölskyldutryggingum tryggingafélaga. Þó geta slysatryggingar launþega gilt, ef hinn slasaði fellur undir kjarasamning sem gerir ráð fyrir bótum í frítíma. Ef viðkomandi er með almenna slysatryggingu, gildir hún um frítímaslys sem og slys í vinnu. Þá er rétt að taka fram að verði slys í frítíma, getur það verið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu, ef einhver annar ber ábyrgð á slysinu, beint eða óbeint.



## Dæmi

Jóna Jónsdóttir fer í Kringluna til að versla en verður fyrir því að falla niður um ófrágengið stigaop í verslun og ökklabrotnar. Eiganda verslunarinnar hefur láðst að ganga frá stigaopinu og á Jóna því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu verslunarinnar ásamt því að fá bætur úr sinni eigin fjölskylduþryggingu.

Bætur úr ábyrgðartryggingunni (sjá dæmi undir umferðarslys). Bætur úr fjölskylduþryggingu eru dagpeningar og örorkubætur. Jóna Jónsdóttir er metin óvinnufær í 2 mánuði eftir slysið og metin til 10% miska (læknisfræðilegrar örorku). Bætur úr fjölskylduþryggingu eru 390.000 kr. í dagpeninga og örorkubætur 10% af 8.000.000 eða 800.000 kr.

Flest frítimaslys eru þó einungis bótaskyld úr fjölskylduþryggingu. Algengt er að fólk átti sig ekki á bótarétti úr þeirri tryggingu vegna frítimaslysa og að börn eigi þar einnig rétt. Bætur úr þeirri tryggingu eru:

1. Dagpeningar.
2. Bætur fyrir læknisfræðilega örorku.

## Vélfjólalys

Þegar einstaklingur slasast í vélfjólalysi, hvort sem um ökumann eða farþega er að ræða, getur hann átt rétt á bótum, annaðhvort úr slysatryggingu ökumanns og eiganda eða ábyrgðartryggingu. Það skiptir ekki máli hvort hinn slasaði var í rétti eða órétti. Það er líka sama hvort slysið átti sér stað vegna árekstrar, eða vegna þess að viðkomandi datt af vélfjólalínu, eða missti stjórn á því vegna einhverra utanaðkomandi þátta.

Mikil vanþekking og misskilningur er um bótarétt í vélfjólalysum, en bótarétturinn er sá sami og gildir varðandi einstaklinga sem lenda í umferðarslysi af völdum bifreiða. Mikilvægt er að sá sem fyrir slysinu varð ráðfæri sig við lögmann um rétt sinn. Fyrsta viðtal er alltaf ókeypis.

## Líkamsárás

Einstaklingur, sem lendir í líkamsárás, getur átt rétt á bótum frá áráðarmanninum. Áður en til þess kemur er nauðsynlegt að kæra árásina til lögreglunnar sem í kjölfarið upplýsir einstaklinginn um hugsanlegan bótarétt. Áður en sá sem fyrir árásinni varð leggur fram bótakröfu í líkamsárásarmáli, er nauðsynlegt að leita ráða hjá lögmanni sem hefur reynslu af slíkum kröfum. Sá sem ráðist var á getur m.a. átt rétt á þjáningarbótum, miskabótum, örorkubótum, tekjumissi, o.s.frv.



## Afleiðingar læknismeðferðar

Einstaklingur, sem telur sig bera varanlegar afleiðingar vegna meðferðar heilbrigðisstarfsmanns (t.d. læknis eða hjúkrunarfræðings), hvort sem um er að ræða á sjúkrahúsi eða á einkastofu, getur átt rétt á bótum vegna þess.

Ekki er skilyrði að um mistök hafi verið að ræða, heldur getur t.d. verið um að ræða fylgikvilla meðferðar eða rannsóknar sem er meiri en svo að sanngjarnt teljist að láta sjúklinginn bera bótaust. Mikilvægt er að viðkomandi einstaklingur ráðfæri sig við lögmann um rétt sinn. Fyrsta viðtal er alltaf ókeypis hjá okkur.

## Hvers vegna átt þú að leita réttar þíns?

Slys eru alvarlegir atburðir og geta gerbreytt aðstæðum í lífi okkar allra. Í kjölfar slyss getur fólk þurft að takast á við margskonar vanda. Erfiðleikarnir geta verið líkamlegir, sálrænir, félagslegir og síðast en ekki síst fjárhagslegir. Sjálfsagt er því að viðkomandi kanni vel rétt sinn til bóta í því skyni að létta sér byrðar og áhyggjur.

Stundum eru viðbrögð okkar við slysi flóknari en svo að við sjáum hlutina í réttu samhengi. Það er t.d. mjög algengt að fólk:

1. Fari úr jafnvægi við slys.
2. Reyni að útiloka slysið og allt sem því tengist úr huga sér.
3. Reki slysið að einhverju leyti til eigin mistaka og fyllist sektarkennd.

Af þessum sökum sjá margir ekki ástæðu til að leita réttar síns til skaða- eða slysaþóta.

Stór hópur einstaklinga þekkir ekki rétt sinn og telur því of flókið, tímafrekt og dýrt að leita hans. Vegna þessa er oft nauðsynlegt að fá aðstoð lögmanns sem leiðir tjónþola í gegnum ferlið. Þjónusta okkar hjá Fulltingi felst einmitt í þessari leiðsögn.

### Þjónusta okkar felst í að:

- Útskýra rétt þinn.
- Leita réttar þíns fyrir þig.
- Gæta hagsmuna þinna í hvítvetna.

### Hikaðu ekki við að hafa samband og fá ráð um rétt þinn til bóta!

### Hvenær fyrnist réttur þinn?

Það er góð regla að ráðfæra sig strax við lögmann í kjölfar slyss. Hins vegar má í ýmsum tilvikum nýta með góðum árangri bótarétt sem hefur legið ónýttur um árabíl.

Fólk uppgötvar oft ekki fyrr en seint að það á rétt á bótum. Almennt gildir sú regla að bótaréttur fyrnist 10 árum eftir að slysið á sér stað. Þó er sérregla í umferðarlögum sem segir að tjón geti fyrnist á 4 árum frá því að sá sem slasast gat sett fram kröfu sína.

Mikilvægt er að athuga að samkvæmt nýjum lögum þarf að tilkynna slys á fólki innan árs frá því að viðkomandi fékk vitneskju um þau atvik sem bótakrafa er reist á, jafnvel þótt bætur séu sóttar seinna úr tryggingunni. Þessi regla á m.a. við um frítímaslys og vinnuslys.

Það er þó mikilvægt að ákveða ekki fyrirfram að málið sé fyrnt heldur hafa fyrst samband við okkur.

### Hvaða gagn hefur þú af sérþekkingu okkar?

Oft leitar fólk sjálf réttar síns hjá tryggingafélögum eftir að það lendir í slysi. Þar eiga tjónþolar í höggi við sérfræðinga, sem hafa yfirburðapekkingu á málum af þessum toga, og því standa tjónþolarnir engan veginn jafnfætis starfsfólki tryggingafélagsins. Tryggingafélög reyna auðvitað eins og önnur fyrirtæki að halda sínum kostnaði í lágmarki. Þar af leiðandi er ekki við því að búast að sérfræðingar tryggingafélaga bendi slösuðum t.d. sérstaklega á að hann eigi rétt á örorkumati og í framhaldi af því örorkubótum, ári frá slysi, ef viðkomandi hefur enn ekki náð fullum bata.



Þegar fólk hefur slasast leitar það til lækna og annarra meðferðaraðila. Mikilvægt er að leitað sé til réttra sérfræðinga og að gagna sé aflað frá þeim aðilum. Til að tryggja að málsmeðferðin sé sem best er rétt að snúa sér til okkar, til að tryggja að fulltrúi sé til staðar sem hafi sömu þekkingu og tryggingafélagið og standi þannig jafnfætis við meðferð málsins. Lögmaður styrir þá framvindu málsins og ráðleggur hinum slasaða hvernig best er að bera sig að.

Ef um umferðarslys er að ræða eða önnur skaðabótaskyld tjón, ber tryggingafélaginu að greiða stærstan hluta lögfræðikostnaðarins fyrir þann sem slasast. Til þess að fá sem besta þjónustu er rétt að leita til lögmanns sem hafa sérhæfingu á sviði slysa- og skaðabótamála. Það tryggir skilvirka og góða niðurstöðu.

**Sérstaða okkar hjá Fulltingi felst í því að starfsmenn, sem stýra málaflokknum, hafa sérhæft sig í meðferð slysa- og skaðabótamála. Þeir eru fulltrúar þínir og hafa a.m.k. sömu þekkingu og tryggingafélagið.**

## Hvernig aðstoðum við þig?

Þegar fólk hefur lent í slysi er yfirleitt nóg fyrir hvern og einn að glíma við afleiðingar slyssins þótt ekki sé verið um leið að fást við lögfræðilega meðferð málsins. Bæði er erfitt fyrir einstaklinga að átta sig á því hvernig og hvar á að leita hvers réttar. Það sparar bæði tíma, fé og fyrirhöfn að leita til sérfræðings á þessu sviði og eins tryggir það réttláta niðurstöðu. Þegar leitað er til lögmanns, fær hann umboð þess sem slasast til að vinna í málinu. Eftir það er nauðsynleg gagnaöflun og samskipti við tryggingafélög, eða aðra, á hendi lögmannsins.

Lögmaðurinn kallar eftir læknisvottorðum og öðrum nauðsynlegum gögnum, innheimtir útlagðan kostnað og hefur milligöngu um að dagpeningar eða tekjutap sé lagt inn á reikning hins slasaða. Verði varanlegur skaði vegna slyss, er að ári liðnu tímabært að leggja drög að örorkumati. Þetta annast lögmaðurinn og hefur milligöngu um val á matsmönnum. Þegar mat liggur fyrir gerir lögmaðurinn bótakröfu og gengur í framhaldi af því frá uppgjöri við tryggingafélagið.

## Er dýrt að leita réttar síns?

Kostnaður við að leita til lögmanns vegna skaðabótamála og umferðarslysa er að stærstum hluta greiddur af tryggingafélagi sem tryggir hinn bótaskylda. Þá þarf hinn slasaði ekki að greiða lögfræðikostnað fyrr en komið er að greiðslu á bótum til hans.

Í öðrum slysamálum ber tjónþoli sjálfur lögmannskostnað í málinu. Hins vegar er ljóst að óvarlegt er að ætla að láta tryggingafélagið, sem greiðir bæturnar, sjá um málið sjálf, þ.e. öflun gagna og annað slíkt. Hinn slasaði stendur ekki jafnfætis sérfræðingum tryggingafélaganna og getur því ekki gætt hagsmuna sinna á jafnréttisgrundvelli. Þá er talsverð hættu á því að hinn slasaði átti sig ekki á bótarétti sem hann kann að eiga. Lögmaður, sem er sérhæfður í meðferð mála af þessum toga, kannar allan mögulegan bótarétt og gætir fjárhagslegra hagsmuna umbjóðanda síns í hvívetna.

Við hjá Fulltingi leggjum áherslu á að tjónþoli tapi aldrei á að kynna sér rétt sinn. Fyrsta viðtal hjá okkur er ætíð frítt og þar er farið yfir hvort tjónþoli þurfi að greiða eitthvað í málskostnað. Við stöndum vörð um fjárhagslega hagsmuni þína.

## Gjörðu svo vel að hafa samband

Þér er velkomið að hafa samband við okkur en bendum jafnframt á að best er að ráðfæra sig sem fyrst við lögmann eftir slys.

**Vinsamlega hringdu í síma 533 2050 eða sendu okkur tölvupóst: [fulltingi@fulltingi.is](mailto:fulltingi@fulltingi.is).**

---

## Nokkrar skilgreiningar til glöggvunar

### Læknisfræðileg örorka

Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Þetta þýðir að allir eru metnir til sömu örorku fyrir samskonar áverka. Miðað er við tiltekna örorkutöflur þar sem er að finna viðmið við mat á örorkunni. Þannig er t.d. missir litla fingurs 5% örorka hvort sem um er að ræða pianóleikara, lögfræðing eða iðnaðarmann.

### Miski

Við ákvörðun á miska er, eins og við mat á læknisfræðilegri örorku, ekki litið til einstaklingsbundinna forsendna við matið, heldur stuðst við töflur. Allir eru metnir til sama miska vegna sömu áverka.

### Varanleg örorka (fjárhagsleg örorka)

Við mat á varanlegri örorku er horft til þess hvaða tjóni tiltekinn áverki veldur tilteknum einstaklingi. Við mat á þessu er horft til aldurs tjónþola, menntunar, starfsreynslu, búsetu og fleiri einstaklingsbundinna forsendna. Þetta er því þveröfugt við mat á læknisfræðilegri örorku.

Segja má að við mat á varanlegri örorku, skuli mæld áhrif áverkans á getu viðkomandi til að afla sér tekna. Sé um slíkt að ræða þá má segja að tjónið megi skilgreina með eftirfarandi hætti: „Valdi líkamstjón varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna og þess er ekki að vænta að tjónþoli nái frekari bata, á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku“.

Bætur manna úr almennum slysatryggingum miðast almennt við læknisfræðilega örorku en bætur, t.d. vegna umferðarslysa, miðast bæði við miska og varanlega örorku.

---

Við könnum rétt þinn á bótum!

Fulltingi þér við hlið / [www.fulltingi.is](http://www.fulltingi.is)



**FULLTINGI**

*slysa- og skaðabótamál*

Bergrún Elin Benediksdóttir, héraðsdómslögmaður • Bryndís Guðmundsdóttir, héraðsdómslögmaður  
Óðinn Elísson, hæstaréttarlögmaður

Suðurlandsbraut 18 • 108 Reykjavík • Sími 533 2050 • Bréfsími 533 2060  
[www.fulltingi.is](http://www.fulltingi.is) • [fulltingi@fulltingi.is](mailto:fulltingi@fulltingi.is)